
FRÉTTIR ÚR HVOLSSKÓLA

II. tbl. XIII. árg.

11. nóvember 2006

Ábyrgðarmaður: Unnar Þór Böðvarsson

=====

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember 2006 í Hvolsskóla

Í tilefni af degi íslenskrar tungu fimmtudaginn 16. nóvember næstkomandi standa nemendur 10. bekkjar fyrir upplestri á Brennu-Njáls sögu í samstarfi við Sögusetrið á Hvolsvelli.

Lesturinn hefst kl. 7:30 að morgni og munu nemendur 10. bekkjar lesa úr sögunni til skiptis fram á kvöld. Upplesturinn fer fram í sal skólans. Áætlað er að lestrinum ljúki um kl. 22:00. Öðru hvoru verður gert hlé á upplestrinum og verður þá m.a. boðið upp á söngatriði og ljóðaflutning. **Björn Bjarnason** dómsmálaráðherra mun heiðra okkur með nærveru sinni kl. 10:00 en dagur íslenskrar tungu var fyrst haldinn hátíðlegur að frumkvæði hans sem menntamálaráðherra.

Hvers vegna er Njála viðfangsefni okkar á degi íslenskrar tungu? Við búum á Njáluslóðum. Njála er ein þekktasta og jafnframt lengsta Íslendingasagan og gerist að mestu í Rangárþingi. Afmælisdagur Jónasar Hallgrímssonar er 16. nóvember og orti Jónas kvæðið Gunnarshólma um græna reitinn í sandinum um hólmann "þar sem Gunnar sneri aftur".

Í aðalnámskrá grunnskóla frá 1999 segir: "Í lok 10. bekkjar eiga nemendur að geta lesið áheyrilega og getað náð til hlustenda í upplestri og beitt upplestri þannig að efni og form njóti sín. Nemendur eiga að geta flutt bókmenntatexta þannig að það sé í samræmi við inntak og tilgang." "Nemendur eiga að hafa lesið og hlýtt á fjölbreytta íslenska bókmenntatexta bæði forna og nýja, m.a. að hafa lesið og rætt um Íslendingasögur."

Auk upplestrar úr Njálu er eftirfarandi á dagskrá:

Kl. 7:30	Setning – Unnur Brá Konráðsdóttir, sveitarstjóri Rangárþings eystra
Kl. 8:50	1. – 4. bekkur - söngur
Kl. 10:00	Kórsöngur – Barnakór Hvolsskóla
Kl. 10:20	Ávarp - Björn Bjarnason dómsmálaráðherra ávarpar samkomuna.
Kl. 10:50	Fimmundarsöngur – stúlkur úr 10. bekk
Kl. 11:40	5. og 6. bekkur – ljóðaflutningur
Kl. 13:35	Gunnarshólmi - upplestur Þórunn Ólafsdóttir
Kl. 14:00	8. bekkur - upplestur
Kl. 16:00	Fimmundarsöngur – stúlkur úr 10. bekk
Kl. 19:40	Orð um orð í Njálu – Lárus Ágúst Bragason

Ath. upplýsingar um hvenær hver nemandi er að lesa úr Njálu er að finna á heimasíðu Hvolsskóla, hvolsskoli.ismennt.is Einnig er hægt að fá sömu upplýsingar hjá ritara í síma 488-4240

Áætlað er að lestri ljúki milli kl. 21:00 og 22:00

Við hvetjum alla þá sem hafa tækifæri til að líta við í skólanum þennan dag.

Starfsdagur 14. nóvember

Eins og fram kemur í starfsáætlun Hvolsskóla sem birt er á heimasíðu skólans verður starfsdagur í Hvolsskóla þriðjudaginn 14. nóvember. Á starfsdegi eru nemendur ekki í skóla en starfsfólk og kennarar verða við vinnu í skólanum að undirbúa og skipuleggja komandi vikur skólastarfsins.

SkólaSkjól á föstudögum

Á nýliðnum foreldradegi var gerð könnun meðal foreldra sem nota Skjólíð í Hvolsskóla þar sem spurt var um hvort foreldrar myndu notfæra sér Skjólíð ef það væri opið á föstudögum.

Í könnuninni kom fram að nokkrir foreldrar kæmu til með að nýta sér Skjólíð á föstudögum. Þess vegna hefur verið ákveðið að gera tilraun til jóla með að hafa SkólaSkjólíð opið frá kl. 13 til 17 á föstudögum frá og með 17.11.

Árshátíð 1. til 4. bekkjar 30. nóvember og 1. desember

Þessa dagana eru nemendur, kennarar og starfsfólk að undirbúa árshátíð 1. til 4. bekkjar. Bekkjunum er blandað saman og tekur hver hópur fyrir ákveðið ævintýri. Hugmyndin er að ævintýrin gerist í Svartaskógi og bregður þá fyrir Ronju og Birki. Ekki er ólíklegt að einhverjir rassálfar þvælist líka þar um.

Nemendurnir eru að æfa lög úr Ronju í kórtímum. Fyrst um sinn verður lítið sem ekkert rask á almennri stundatöflu þar sem æft verður á miðvikudags- og föstudagsmorgnum þegar nemendur eru hjá umsjónarkennurum.

Áætlað er að vera með tvær sýningar og eru þær **fyrirhugaðar fimmtudaginn 30. nóvember kl. 17, en sú seinni verður á skólatíma föstudaginn 1. desember kl. 9:50.**

Óskilamunir í Íþróttamiðstöð og Hvolsskóla

Starfsfólk Íþróttamiðstöðvarinnar og Hvolsskóla bað um að þess yrði getið í fréttabréfi Hvolsskóla að alltaf væri eitthvað um það að nemendur og gestir skilji eftir fatnað, skó og/eða skartgrip. Þessir óskilamunir eru geymdir í nokkur misseri áður en þeim er ráðstafað til góðgerðarmála.

Ef þið saknið einhvers úr þússi ykkar þá gæti það verið athugandi að koma til okkar og fá að líta yfir óskilamunina en þar kennir margra grasa.

Sérstakar þakkir:

Nú á þessu skólaári finnum við fyrir miklum stuðningi við starfið í Hvolsskóla bæði frá fyrirtækjum og einstaklingum. Það er ómetanlegt að finna þennan stuðning í verki hvort heldur er þegar nemendur leita til samfélagsins eða kennarar skólans leita til fyrirtækja varðandi námið í skólanum.

Fyrir hönd nemenda og starfsfólks Hvolsskóla færi ég hlutaðeigandi einlægar þakkir fyrir stuðninginn.

Ferðalag 8. bekkjar á Snæfellsnes

Hin árlega haustferð 8. bekkjar var farin á Snæfellsnes dagana 18. til 20. október. Að þessu sinni gisti hópurinn á Gufuskálum í Björgunarskóla Landsbjargar. Á leiðinni vestur var áð á markverðum stöðum s.s. við Eldborg, Ölkeldu, Búðir og Arnarstapa. Þann 19. var síðan dagskrá á vegum Björgunarskóla Landsbjargar þar sem m.a. var tekist á við rústabjörgun og hellaskoðunarferð í Purkhólhraun. Föstudaginn 20. var síðan haldið heim með viðkomu í Bjarnarhöfn, sundlauginni í Stykkishólmi auk þess sem hópurinn gekk á Helgafell þaðan sem við blasti fegurð Breiðafjarðar allt vestur til Barðastrandar. Fararstjórar voru umsjónarkennarar 8. bekkjar þær Auður Frg. Halldórsdóttir og Ingveldur G. Sveinsdóttir. Sérstakur leiðsögumaður ferðalagsins var Kristín Erna Leifsdóttir. Ferðin tókst í alla staði mjög vel og eru nemendum og farastjórum hér með færðar bestu þakkir fyrir vel heppnað ferðalag sem tók þrjá daga.

Skóli á grænni grein:

Í ágúst sl. sótti Hvolsskóli um til Landverndar að fá að taka þátt í verkefninu "Skóli á grænni grein". Hvolsskóli var samþykktur inn í verkefnið og mun á næstu misserum vinna samkvæmt eftirfarandi markmiðum.

- **Hvolsskóli vill auka menntun og þekkingu og efla virðingu fyrir náttúru og umhverfi lands og hafs.**
- **Hvolsskóli vill stuðla að góðri umgengni og sjálfbærri nýtingu allra auðlinda og vinna gegn hvers konar mengun og umhverfisspjöllum.**

Lokamarkmiðið er að verða umhverfisvænn skóli og fá Grænfánann sem er alþjóðleg viðurkenning á virku umhverfisstarfi skólans.

Sérfræðilegt mat á Hvolsskóla:

Nú í haust er Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands að gera sérfræðilega úttekt á starfi Hvolsskóla að frumkvæði skólanefndar Rangárþings eystra.

Stór þáttur í könnuninni voru spurningalistar sem lagðir voru fyrir foreldra og starfsfólk sem svaraði spurningalistunum vélrænt í gegnum tölvur skólans á foreldradegi sem haldin var 26. okt. sl.

Úttektinni lýkur í nóvember og má vænta skýrslu um niðurstöðurnar á næstu vikum.

Brunaæfing og endurskin:

Þriðjudaginn 7. nóvember fór fram brunnaæfing í skólanum. Æfingin tókst í alla staði mjög vel og tókst að rýma skólann á örfáum mínútum. Einn var þó blettur á góðri æfingu að ekki voru allir í inniskóm og fóru því út á sokkaleistunum. Biðjum við því foreldra að brýna það fyrir börnum sínum að vera með inniskó í skólanum.

Einnig viljum við brýna fyrir foreldrum að hvetja börn sín til að nota endurskinsmerki nú í skammdegi vetrarins.

Skólinn til jóla:

Senn styttist til jóla en haustönn lýkur með foreldradegi 20. desember þar sem nemendur og foreldrar verða boðaðir í viðtal til umsjónarkennara. Farið verður yfir stöðu nemandans við lok haustannar auk þess sem horft verður til framtíðar á þá möguleika sem vorönnin gefur. Hér að neðan fylgja nokkrar dagsetningar sem skipta máli næstu vikunnar.

Nokkrar dagsetningar sem skipta máli:

14.11.	Starfs- og skipulagsdagur (nemendur ekki í skóla)
16.11.	Dagur íslenskrar tungu. Á degi íslenskrar tungu munu nemendur í 10. bekk Hvolsskóla lesa Njálu. Inn í lesturinn verður brugðið margskonar dagskrárliðum. Sérstakur gestur dagsins verður Björn Bjarnason dómsmálaráðherra sem er upphafsmaður að degi íslenskrar tungu. Áætlað er að dagskráin í heild standi yfir frá kl. 7:30 – 22:00.
	upplýsingar um hvenær hver nemandi er að lesa úr Njálu er að finna á heimasíðu Hvolsskóla, hvolsskoli.ismennt.is Einnig er hægt að fá sömu upplýsingar hjá ritara í síma 488-4240
17.11.	Ferð um söguslóðir Njálu með nemendum 10. bekkjar ef veður leyfir. Leiðsögumaður Lárus Ágúst Bragason
23.11.	Forkeppni í söngkeppni SAMFÉS og söngkeppni Hvolsskóla
26.11.	Jólafondur Foreldra- og kennarafélagsins, nánar augl. síðar
30.11.	Árshátíð 1. -4. bekkjar. Sýning í Hvolsskóla kl. 17
1.12.	Árshátíð 1. -4. bekkjar. Sýning í Hvolsskóla kl. 9:50
3.12.	Barnakór Hvolsskóla tekur þátt í aðventutónleikum í Breiðabólstaðarkirkju kl. 16
7.12.	Barnakór Hvolsskóla tekur þátt í aðventutónleikum í Stórólshvolskirkju kl. 20:30
11.12.	Síðasti kennsludagur fyrir jólapróf í 7.-10. bekk.
12.12.	Haustannarpróf í 7.-10. bekk í 3 daga. Nemendur fá mat í skólanum svo sem venja er en verða komnir heim til sín með hádegisferð sem fer frá skólanum kl. 13:10
14.12.	Barnakór Hvolsskóla heldur jólatónleika í Stóra- Dalskirkju kl. 20:00
18.12.	Á síðasta kennsludegi fyrir jól er "jólagleði" í öllum bekkjum. Heimakstur nemenda þennan dag kl. 11:30. Ekki er gert ráð fyrir mat úr mótuneyti nema fyrir Skjólsbörn. Síðasti dagur fyrir jólaleyfi í SkólaSkjóli. Skjólið byrjar aftur 5. janúar.
19.12.	Sjúkrapróf og undirbúningur fyrir foreldradag
20.12.	Foreldradagur með nemendum – haustönn gerð upp og um leið horft fram á veginn til vorannar.

